

AUGLÝSING
um óverulega breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028,
Hornbrekkubót á Ólafsfirði.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 1. júlí 2011 breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028, sem samþykkt var í sveitarstjórn Fjallabyggðar 13. apríl 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 13. maí 2011.

Breytingin tekur til 1.700 fermetra landsvæðis í Hornbrekkubót á Ólafsfirði þar sem vestasti hluti verslunar- og þjónustusvæðis fær skilgreiningu opins svæðis til sérstakra nota í samræmi við aðliggjandi svæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 1. júlí 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.